

Alþingi  
Erindi nr. P 131/137/  
komudagur 19.4.2005

HAPDRÆTTI



Síðumuli 6 • 108 REYKJAVÍK • [sibs@sibs.is](mailto:sibs@sibs.is)  
Sími 552 2150 • Fax 562 9150

Reykjavík, 18.04.2005

Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

**Efni: Umsögn um frv. til laga um happdrætti, 675. mál, heildarlög.**

Stjórn Happdrættis SÍBS hefur fjallað um ofangreint frumvarp, sem varðar fyrst og fremst skilyrði sem uppfylla þarf til starfrækslu almennra happdrætta, sem ekki eru bundin sérlögum.

Þar sem „*hefur ekki verið hróflað við sérlögum um peningahappdrætti og vöruhappdrætti*“, eins og segir í athugasemdum (bls. 4) sér stjórnin ekki ástæðu til að fjölyrða mjög um þetta frumvarp. Þó skal bent á eftirfarandi, þar sem vitnað er í skýrslu nefndar um framtíðarskipan happdrættismála frá 1999 í athugasemdum:

Í skýrslunni kemur fram að brýnt sé að fram fari endurskoðun og setning nýrra laga um happdrættismálefni. Þetta frumvarp tekur ekki á ýmsum vanda sem skýrsluhöfundar benda á og snerta m.a. þau happdrætti sem bundin eru sérlögum. Því telur stjórnin brýnt að þau lög verði tekin til endurskoðunar sem allra fyrst og þá í samfellu.

Í fyrrgreindri skýrslu er eftirliti með happdrættum almennt talið ábótavant og talið vafasamt að dómsmálaráðuneytið geti sinnt því sem skyldi. Lagt er til eftirfarandi: „*Sjálfstæðum aðila er búi yfir nægri fagþekkingu verði falin stjórnýsla happdrættismála og skyldrar starfsemi. Sá aðili hafi jafnframt með höndum virkt eftirlit með happdrættisstarfsemi. Ákvarðanir þessa aðila verði kæránlegar til dómsmálaráðuneytisins.*”

Þá er lögð áhersla á að aðilum sem starfrækja happdrætti verði gert skylt að skila til eftirlitsaðila ársreikningum í samræmi við lög um ársreikninga.

Stjórn happdrættis SÍBS tekur undir þessar athugasemdir í fyrrgreindri skýrslu og telur eðlilegt að tekið verði tillit til þeirra í umfjöllun nefndarinnar um frumvarpið.

Að lokum er rétt að benda á það að í skýrslunni er talið mjög brýnt að taka afstöðu til þess, hvaða meginsjónarmið skuli liggja til grundvallar happdrættisstarfsemi í landinu og bent er á þrjár leiðir: Öll happdrætti verði ríkisrekin. Öll happdrætti verði einkarekin eða: Happdrætti verði ýmist ríkisrekin eða einkarekin. Þetta frumvarp mótar ekki slíka afstöðu og tekur því ekki á málefnum happdrætta í landinu í heild.

Fyrir hönd stjórnar Happdrættis SÍBS

  
Pétur Bjarnason

framkvæmdastjóri